

Föstudaginn 30. október 1936.

Nr. 74/1936. **Óli S. Jónsson**

gegn

Sigurði A. Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óli S. Jónsson, greiði 50 króna aukagjald í rikissjóð, ef hann að nýju vill fá mál sitt tekið fyrir.

Föstudaginn 30. október 1936.

Nr. 85/1936. **Stefán Thorarensen**

gegn

Gunnari E Benediktssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Stefán Thorarensen, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald í rikissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1936.

Nr. 76/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jón Ragnari Jónassyni

(Einar B. Guðmundsson).

Maður dæmdur fyrir sölu áfengis í atvinnuskyni.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. maí 1936: Kærður, Jón Ragnar Jónasson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 30 daga.*

Hann greiði og 3000 króna sekt í Menningarsjóð.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrm., kr. 100.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa er um eftirtalið atriði á-bótavant. Kærður hefir neitað að hafa ritað skrá þá um lánað áfengi, sem um getur í héraðsdómn-um, í bók þá, er hann hélt um ýmis atriði varðandi tekjur sínar. Þrátt fyrir þetta hefir rannsóknar-dómarinn látið farast fyrir að rannsaka nánar, hver hefir ritað um téða áfengisafhendingu í bókina.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Jón Ragnar Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstarétt-armálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jóns-

sonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 150.00
til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn Jóni Ragnari Jónassyni, skipa-
smið, til heimilis Sellandsstíg 32 hér í bæ, fyrir brot á
áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur
23. ágúst 1903. Hinn 20. maí 1923 var hann dæmdur í 8
daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot
gegn 230. gr. sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga.
Hinn 20. maí 1933 var hann aftur dæmdur í 600 króna
sekt fyrir ólöglega áfengissölu. Hann hefir ekki sætt öðr-
um refsingum svo kunnugt sé.

Tildrög máls þessa eru þau, að vegna rökstudds grunar,
er lögreglan hafði fengið um áfengissölu kærða, var úr-
skurðað hinn 8. f. m. að hlusta skyldi á samtöl þau, er
fram færu í talsíma hans, en á því hafði einmitt verið
gert sérstakt orð, að áfengi væri pantað af honum í gegn-
um síma. Dagana á eftir voru trúnaðarmenn lögreglunnar
látinir hlusta á samtöl í síma kærða, og tóku þeir þá upp
efni 12 samtala, er öll vörðuðu áfengismál kærða og hafa
verið lögð fram í réttinum.

Í rannsókn málsins hafa þeir af mönnum þeim, er sim-
tölin áttu og til hefir náðzt, verið leiddir sem vitni ásamt
fleiri, og skal nú vitnisburður þeirra rakinn eftir því
sem ástæður þykir til.

Hinn 10. apríl s. l. átti Ólafur Jónsson símasamtal við
kærðan og spurði eftir Brynjólfi Magnússyni og fékk að
tala við hann. Hefir Ólafur borið það, að hann hafi feng-
ið Brynjólf til að fara fyrir sig eftir áfengi til kærða og
hringt hann síðan upp, meðan hann stóð þar við, til þess
að tala nánara um kaupin. Kom Brynjólfur síðan til
hans með hið umbeðna áfengi. Brynjólfur hefir staðfest
þennan framburð Ólafs og kveðst hafa keypt af kærðum
fyrir hann 1 pela af Whisky fyrir 10 krónur og eina flösku
af kampavini fyrir kr. 13.00. Hafi Ólafur sent hann með

10 krónurnar, en sjálfur lagði hann til bráðabirgða út fyrir kampavíninu. Báðir hafa þeir Ólafur og Brynjólfur borið það að hafa áður keypt áfengi af kærðum, en hafa þó ekki getað greint frá ákveðnum tilfellum. Bæði hafa vitnin staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Þá hefir verið tekið upp símasamtal, sem Arnljótur Davíðsson átti við kærðan og falaði af honum áfengi og fékk hjá honum loforð fyrir Whiskyflösku á 19 krónur. Hefir Arnljótur staðfest að hafa átt samtál þetta við kærðan, en hefir hinsvegar neitað að hafa fengið áfengið og telur, að sá sem fara átti eftir því, muni hafa svikizt um það.

Vitnið Óskar Thorberg hefir og borið það að hafa hringt til kærðs og pantað áfengi, og er tekið upp samtál varðandi þetta, er vitnið átti við heimili kærðs. Áfengið kveðst vitnið síðan hafa fengið sent, en tók þó ekki á móti því sjálfur og getur því ekki fullyrt, að það hafi verið frá kærðum. Vitnið hefir jafnframt borið það að hafa fyrr keypt áfengi af kærðum án þess að það hafi greint nánari atvik. Þennan framburð sinn hefir vitnið staðfest með eiði.

Kærður var fyrir réttinum látinn gera grein fyrir færslu sinni undanfarið og gat þá um það, að hann hefði sér til minnis skrifað í sérstaka bók ýmis atriði viðvikjandi tekjum sínum. Neitaði kærður í fyrstu að afhenda réttinum bók þessa til athugunar, en leyfði það þó síðar og var hún þá tekin til rannsóknar. Í bók þessari reyndist ekki að vera verulegar upplýsingar um tekjur kærðs, en aftur á móti voru þar á tveim stöðum færslur, er virðast vera skrá um lánað áfengi til þriggja nafngreindra manna, sem síðan voru leiddir sem vitni í málinu.

Viktor Almar Norman hefir borið það og staðfest með eiði, að hann hafi síðastliðið ár hvað eftir annað keypt af kærðum áfengi og stundum borgað það, en stundum fengið það lánað. Kveðst vitnið hafa sagt kærðum að láta ekki neina hafa áfengi út á sitt nafn, nema þeir hefðu til þess skriflegt leyfi frá vitninu, og gerði vitnið það vegna þess, að það var farið að óttast, að aðrir væru farnir að taka út áfengi hjá kærðum á sitt nafn, en án sins leyfis. Ekki kvaðst vitnið geta sagt um það, hvað það skuldaði kærðum fyrir áfengi, en taldi það vel geta numið um 100

krónum. Í áðurgreindri bók er vitnið skrifað fyrir 1½ „Dás“ kr. 15.00, 1 ákavíti kr. 15.00, 1 Vermouth kr. 10.00, 1 púns kr. 10.00, 4 pelar kr. 40.00, 1 genever kr. 18.00.

Annað vitni, sem skrifað er fyrir 1 whisky á kr. 19.00, hefir borið og staðfest með eiði, að það hafi fyrir hádegi á sumardaginn fyrsta hringt til kærðs og beðið hann að senda sér whiskyflösku og lána sér andvirðið. Lofaði kærður að gera þetta og sendi flöskuna nokkru síðar, en kom ekki með hana sjálfur.

Þriðji maðurinn er einnig skrifaður fyrir 1 whiskyflösku á kr. 19.00 og hefir einnig mætt sem vitni. Hefir það ekki talið sig geta þrætt fyrir að hafa fengið whiskyflösku hjá kærðum, jafnvel að láni, en kveðst þá munu hafa verið undir áhrifum vins og því ekki geta skýrt frá nánari atvikum.

Nokkur fleiri vitni hafa einnig verið leidd í málinu, er borið hafa það, að hafa keypt áfengi af kærðum, án þess þó að vitnisburðir þeirra, hvers út af fyrir sig, geti talizt full sönnun þess, að áfengissala hafi farið fram. Einnig hafa nokkrir bifreiðarstjórar borið það að hafa þráfaldlega ekið farþegum, er voru í áfengisleit, að húsi kærðs og stundum keypt fyrir þá áfengi af honum. Þá hefir og bróðir kærðs borið það, að sér hafi verið kunnugt um áfengissölu hans undanfarið og kveðst hann stundum hafa fært það í tal við hann að hætta þessu, en kærður þá jafnan svarað fáu til.

Hinn 10. apríl s. l. hringdi Jón Sigurgeirsson, afgreiðslumaður vinverzlunarinnar í Hafnarfirði, í símanúmer kærðs og spurði eftir honum. Er honum var sagt, að kærður væri ekki við, talaði hann við „frúna“ og spurði hana m. a., hvort kærður mundi þurfa viðbót í fyrramálið, því þá kvaðst hann skyldu taka það til þá um kvöldið.

Útaf þessu var Jón Sigurgeirsson leiddur sem vitni í málinu og viðurkenndi hann þá, að hafa átt samtál þetta og taldi sig hafa talað við konu kærða, en því hefir hún aftur á móti neitað. Hefir vitnið lýst því, að kærður hafi haft viðskipti í stórum stíl við vinverzlunina í Hafnarfirði allt frá því 1932, að því er það minnir. Eftir að vitnið fyrir rétti hafði gefið upplýsingar um áfengis kaup leynivinsala í verzluninni árið 1933 dró kærður úr persónulegum áfengis kaupum sínum, en sendi í þess stað

ýmsa aðra eftir áfengi fyrir sig. Vitnið telur sig með ýms-um hætti hafa ráðið það, að kærður sendi í verzlunina menn til áfengiskaupa, m. a. hafi hann stundum hringt og beðið vitnið að taka til áfengið, áður en menn hans kæmu að sækja það. Vitnið hefir þó ekki getað gefið upp nöfn á þessum sendimönnum kærðs.

Miðvikudaginn fyrir páska kom kærður í verzlunina og tók þar út áfengi fyrir ca. kr. 270.00, en með því að hann þóttist þurfa á meiru að halda fyrir hátíðina, bað hann vitnið að hringja sig upp fyrir laugardagsmorguninn og gerði vitnið það að beiðni hans og átti þá símtal það, er áður er greint frá. Þennan framburð sinn hefir vitnið staðfest með eiði.

Þá hefir verið leiddur sem vitni Ingi Þorvaldsson Kröyer bifreiðarstjóri. Vitnið hefir borið og staðfest með eiði, að það hafi nokkrum sinnum tekið pakka, poka eða kassa fyrir kærðan í áfengisverzluninni í Hafnarfirði og afhent þangað peninga. Hefir vitnið talið, að kærður hafi oftast pantað áfengi áður í síma eða sent pöntunina með sér í lokuðu umslagi.

Kærður hefir eindregið neitað allri áfengissölu. Hann hefir þrætt fyrir að hafa átt símtöl þau, er tekin voru upp eftir símanúmeri hans. Hann hefir þrætt fyrir það, að hafa skrifað áðurgreindar áfengisskuldur í viðskiptabók sína og bent á, að sin hönd muni ekki vera á því, en hinsvegar enga grein getað gert fyrir því, hvernig sú skrá er komin í bók hans. Hann hefir og neitað öllum áfengis-kaupum í vinverzluninni í Hafnarfirði, nema flösku og flösku við og við til eigin neyzlu. Hann neitaði og í fyrstu að hafa komið í vinverzlunina þar áðurgreindan miðvikudag. Síðar í réttarhöldunum viðurkenndi hann það, en þrætti þó fyrir að hafa beðið vitnið Jón Sigurgeirsson að hringja sig upp útaf væntanlegum áfengisviðskiptum og ennfremur að hafa keypt þar áfengi fyrir 270 kr.

Eins og áður segir hefir kærður verið látinn gera grein fyrir afkomu sinni og tekjum af atvinnu undanfarið. Hann hefir haft töluvert á fjórða þúsund krónur í tekjur af atvinnu árið 1934, en einungis rúmlega 1000 krónur árið 1935 og ekki getað talið nema tæpar 20 krónur til tekna það sem af er árinu 1936. Talsmaður kærðs hefir einnig lagt fram í málinu skuldabréf, er kærður gefur út 10. des.

1935 fyrir 2000 kr., og jafnframt hefir kærður talið sig hafa safnað nokkrum öðrum skuldum á greindu tímabili.

Með áðurgreindum gögnum og sérstöku tilliti til framburðar kærða, þar sem hann m. a. hefir þrætt fyrir sannaðar staðreyndir eins og símtölin og enga grein getað gert fyrir áfengisskuldum þeim, sem skráðar eru í viðskiptabók hans, þykir sannað, að hann hafi gerzt sekur um áfengissölu í verulegum stíl. Með tilliti til þess, sem upplýstst hefir um atvinnutekjur kærðs og framfærslu verður og að líta svo á, að hann hafi rekið áfengissöluna í atvinnuskyni. Verður því að heimfæra brot hans undir 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans, sem sat í gæzluvarðhaldi frá 23. apríl til 4. maí s. l., hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 3000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 80 daga. Þá greiði kærður og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Einars Baldvins Guðmundssonar, hrm., er ákveðast 100 kr. Málið hefir verið rekið vitalaust.

Miðvikudaginn 4. nóvember 1936.

Nr. 120/1936. Páll Hallbjörns

gegn

Sveinbirni Kristjánssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Dómi í máli þessu, uppkveðnum 12. og birtum 14. ág. þ. á., er áfrýjað til staðfestingar með stefnu útg. 25. s. m., til þingfestingar í október þ. á., og hafði áfrýjandi fullnægt skilyrðum til þingfestingar þess á þeim tíma. Þegar mál þetta skyldi flytja, var mætt af hálfu stefnda og beðið um frest til desembermánaðar eða til vara þar til síðar í þess-